

STJÓRNARTÍÐINDI B 30 – 1995

Nr. 198

402

3. apríl 1995

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum á Skötufirði og innanverðu Ísafjarðardjúpi.

1. gr.

Frá og með 5. apríl 1995 eru allar rækjuveiðar bannaðar á eftirgreindum svæðum í Ísafjarðardjúpi:

1. Innan línu, sem dregin er frá Ögurhólum um austasta hluta Æðeyjar, yfir á Snæfjallaströnd.
2. Á Skötufirði innan línu, sem dregin er milli Skarðseyrar og Hvítaness.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. apríl 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.